

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 14

(27. og 28. kennslustund)

Vogaskóli, 12. nóvember 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

Jafnrétti kynjanna – Hvað er til bóta?

Hvað finnst þér mikilvægast að bæta?/Hverju vilt þú breyta?

Hvers vegna?

Hvernig heldur þú að sé hægt að bæta það/breyta því?

Rifjaðir upp punktar barnanna um ójafnrétti kynjanna frá því við vorum að byrja í jafnréttisverkefninu (sjá skýrslu 3 um verkefnið *Jafnrétti - og ójafnrétti kynjanna*). Ræddum um hversu mikilvægt það væri að allir hjálpuðust að. Heimilisstörfin eru líka vinna. Einnig töluðum við um hvernig börn geta hjálpað til, sérstaklega á heimilum þar sem er bara einn fullorðinn. Börnin veltu því fyrir sér hvað þeim þætti mikilvægast til að jafna rétt kynjanna. Þau völdu einstaklingslega það sem þeim finnst mikilvægast og skrifuðu um það. Sjá ritunarverkefni3: *Jafnrétti kynjanna – Hvað er til bóta?*

Þegar umræðum var lokið og börnin komin í sætin sín til að vinna verkefnið kom í ljós að mörgum fannst þetta dálítið erfitt. Sérstaklega rökstuðningurinn og hvernig hægt væri að bæta eða breyta. Spurt var hvort konur gætu verið læknar og hvort karlar gætu verið flugfreyjur. Kennurunum var brugðið. Vorum við ekki búin að ræða það margsinnis að allir gætu orðið það sem þeir vilja óháð kynferði? Daginn áður höfum við unnið verkefni um farartæki og komist að þeirri niðurstöðu að konur og menn ættu jafna möguleika á því að stýra alls kyns faratækjum. Kennarar brýndu fyrir börnunum að allir gætu orðið það sem þeir vilja óháð kynferði og sögðu frá stúlku sem eitt sinn var stuðningsfulltrúi við skólann en vinnur nú á skurðgröfu.



Það sem kom fram í verkefnum barnanna:

- Að konur og karlar fái jöfn laun. Ef ég væri forseti væri ég að vinna í þessu og nánast búinn. Það er ekki hægt að hafa þetta svona lengi af því að sumir eru einir. Ég vil láta vinna í þessu!
- Að báðir foreldrar taki jafn mikinn þátt í barnauppleði. Vegna þess að foreldrarnir eiga jafn mikið í barninu. Ég held að því sé hægt að breyta með því að fjölskyldan eyði meiri tíma saman.
- Á landnámsöld þótti ekki fínt að karlmenn grétu af því að þeir áttu að vera sterkir og ekki sýna tilfinningar. Karlmenn eiga að hafa sama rétt til að gráta því að það er jafnrétti.
- Að karlar og konur vinni saman húsverkin og passi börnin saman. Það er gott að foreldrar vinni saman. Það ætti að bæta og allir að vera góðir í jafnrétti.
- Að konur og karlar fái jafnmörg tækifæri í lífinu. Það á að vera þannig vegna þess að þá verða allir sáttir. Það er hægt að breyta því með því að tala saman.
- Konur fá ekki annað tækifæri ef þær gera mistök, ólíkt körlum. Konur eiga að fá annað tækifæri líkt körlum. Þá er jafnrétti.
- Að karlar og konur fái sömu laun því annars er það ójafnrétti. Það er hægt að breyta því með því að stjórnin segi til. Þetta finnst mér mjög mikið ójafnrétti og ef ég væri stjóri í öllum vinnum væri ég búinn að breyta því.
- Að skipta verkum jafnt á milli sín vegna þess að þeir sem gera ekki neitt eru letingjar.

